



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2009

Kvörtun Skotveiðifélagsins Landnema yfir synjun Skorra Andrew Aikman á endurgreiðslu innborgunar á alferð á Skotlandi við afpöntun ferðarinnar.

I.

Erindið

1.

Í erindi Péturs Blöndal Gíslasonar, f.h. Skotveiðifélagsins Landnema, hér eftir nefnt Skotveiðifélagið, sem barst Neytendastofu með tölvubréfi 4. desember sl., er kvartað yfir því að við afpöntun alferðar á Skotlandi hafi Skorri Andrew Aikman sem skipulagði ferðina og tók við innborgun vegna hennar, synjað félagsmönnum Skotveiðifélagsins sem ætluðu í ferðina, um endurgreiðslu innborgunarinnar.

Fimmtán félagsmenn Skotveiðifélagsins hafi fyrirhugað veiðiferð til Skotlands í desember 2008. Af því tilefni hefði verið haft samband við Skorra Andrew Aikman, sem áður hafði skipulagt ferð fyrir félagið og þess óskað að hann annaðist skipulagningu ferðarinnar. Ferðin hafi verið fyrirhuguð 4. til 11. desember 2008. Skotveiðifélagið hafi séð um að bóka flug til og frá Glasgow og gistingu þar en Skorri hafi tekið að sér skipulagningu á gistingu, veiði og fæði á Skotlandi. Það hafi hann gert í gegnum Ian MacKinlay, sem stundi slík viðskipti þar í landi. Skorri hafi gefið upp verð á þeim þætti sem snéri að honum og hafi hópurinn, 15 manns greitt honum inn á ferðina kr. 40.000 á mann eða samtals kr. 600.000. Það sem upp á vantaði skyldi greitt til hans eða beint til viðskiptaaðilans í Skotlandi.

Í ljósi breyttra aðstæðna var sú ákvörðun tekin 8. október 2008, að hætta við eða fresta ferðinni. Hafi sú ákvörðun verið tilkynnt Skorra og hann beðinn að kanna hvort unnt væri að fresta ferðinni um óákveðinn tíma eða fá endurgreidda innborgunina. Þá hafi kvartandi boðist til að hringja í Ian MacKinlay og kynna honum ákvörðunina. Niðurstaðan hafi verið sú að Skorri og Ian MacKinlay kröfðust 1.252 GBP í afbókunargjald til viðbótar innborguninni vegna aukins kostnaðar. Hvorki hafi verið boðin frestun á ferðinni né að endurgreiða hana að hluta eða öllu leyti.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Skotveiðifélagsins var sent Skorra Andrew Aikman til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. janúar 2009. Í bréfinu var þess getið að að mati Neytendastofu kæmi til álita ákvæði alferðalaga nr. 80/1994, einkum ákvæði II. of III. kafla laganna. Svar Skorra er dags. 30. janúar 2009.

Þar segir að hann reki ekki ferðaskrifstofu og að hann skipuleggi ekki ferðir til Skotlands. Hann miðli hins vegar upplýsingum til að koma í veg fyrir misskilning milli Ian MacKinlay og væntanlegra ferðamanna á hans vegum. Ian MacKinlay sé fjölskylduvinur Skorra og Ian vilji vera viss um að þeir sem ferðist á hans vegum séu í „lagi“. Eigi það sérstaklega við um smærri hópa því þeir gisti iðulega á heimili hans. Flestir þeir Íslendingar sem fari til Skotlands á vegum Ian MacKinlay fara þangað árlega og séu komnir í beint samband við hann svo óþarfi sé fyrir Skorra að grennslast fyrir um þá.

Það fé sem félagsmenn Skotveiðifélagsins hafi greitt til Skorra sé eina greiðslan sem hann hafi tekið við fyrir hönd fyrirtækis Ian MacKinlay, Kinaldy Stalking öll þau níu ár sem hann hafi aðstoðað Ian. Viðskiptin fari því fram á milli Kinaldy Stalking og þess sem kaupir þjónustuna. Ástæða þess að Skorri hafi tekið að sér að koma greiðslu Skotveiðifélagsins til Kinaldy Stalking sé sú að þegar svo stór hópur ferðist verði kostnaðurinn hár og því þurfi að greiða staðfestingargjald. Skorri hafi boðist til að sjá um þetta til að flýta fyrir því að greiðslan bærisk. Flestir hópar sem fari á vegum Kinaldy Stalking séu fjórir til sex en í tilfelli Skotveiðifélagsins var um fimmtán manns að ræða.

Þær kr. 600.000 sem Skotveiðifélagið greiddu Skorra var skilað að fullu til Kinaldy Stalking. Félagar í Skotveiðifélaginu hafi farið þangað áður og þá millifært sjálfir beint inn á bankareikning Kinaldy Stalking. Skorri hafi aldrei þegið þóknun fyrir það að aðstoða Ian MacKinlay. Sjálfur fari Skorri árlega á veiðar til Skotlands og greiði nákvæmlega það sama og aðrir fyrir þjónustuna.

Kinaldy Stalking hafi orðið fyrir miklu áfalli við það að svo stór hópur hafi afboðað komu sína. Heildarverð ferðarinnar hafi verið GBP 14.000 en innborgun Skotveiðifélagsins aðeins verið GBP 3.920. Hafa beri í huga að þegar ferðir eru bókaðar þá sé ákveðin þjónusta boðin gegn ákveðnu gjaldi. Þjónustan hafi sannarlega verið í boði allan tímann en greiðslan hafi ekki borist.

2.

Bréfi Skorra Andrew Aikman var sent Skotveiðifélaginu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. febrúar 2009. Ódagsett bréf Skotveiðifélagsins barst Neytendastofu með tölvupósti 13. febrúar 2009. Þar segir m.a. að Skorri hafi tekið að sér skipulagningu ferðar fyrir félagið árið 2005. Hafi hann leyst það vel af hendi. Í ársbyrjun 2008 leitaði Skotveiðifélagið til hans vegna ferðar sem átti að fara um haustið 2008. Upphaflega hafi félagið komist í samband við Skorra í gegnum aðra veiðimenn sem farið höfðu til Skotlands á hans vegum. Hafi Skorri því skipulagt og haft milligöngu um veiðiferðir til Skotlands í nokkur ár. Stuttu áður en Skorra voru greiddar kr. 600.000 hafi Skorri haft samband við Pétur Blöndal Gíslason forsvarsmann Skotveiðifélagsins og sagt að hann þyrfti að fá einhverja innborgun á ferðina. Hann sagðist vera nýbúinn að senda út GBP 10.000 sem staðfestingagjald fyrir nokkra hópa. Þeir hafi samið um kr. 600.000 sem innborgun. Þegar ljóst hafi verið að Skotveiðifélagið hafi þurft að hætta við ferðina hafi félagið falið Skorra að meðhöndla það mál. Ekki verði séð að hann hafi reynt að fá hlut félagsins endurgreiddan heldur þvert á móti tilkynnt Kinaldy Stalking að hann mundi ábyrgjast greiðslurnar sjálfur.

3.

Bréf Skotveiðifélagsins Landnema var sent Skorra Andrew Aikman til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. febrúar 2009. Svar hans er dags. 26. febrúar 2009. Þar segir að fullyrðing um að Skorri hafi millifært GBP 10.000 fyrir aðra hópa til Kinaldy Stalking séu rangar. Þegar ljóst hafi verið að félagar í Skotveiðifélaginu ætluðu ekki að fara í bókaða ferð og að Kinaldy Stalking hefði lagt út meira en félagar í Skotveiðifélaginu höfðu lagt út og því ólíklegt að endurgreiðsla fengist hafi Skorri haft samband við Ian og fengið sömu svör. Ian hafi tilkynnt Péttri Blöndal Gíslasyni, f.h. Skotveiðifélagsins, að til þess að standa straum af þeim kostnaði sem Kinaldy Stalking hafi greitt öðrum vegna bókana fyrir hópinn þyrfti hópurnir að greiða um GBP 90 á mann til viðbótar því sem áður hafði verið greitt. Pétur hafi f.h. hópsins verið í sambandi við Ian og fengið þau svör að innborgun þeirra hefði ekki dugað fyrir útlögðum kostnaði vegna ferðarinnar. Þegar í ljós hafi komið að ekki stæði til að hópurnir greiddi þennan útlagða kostnað Kinaldy Stalking hafi Skorri ákveðið að greiða þá fjárhæð sjálfur. Ástæða þess sé sú sem áður hefur komið fram að Ian er góður vinur fjölskyldu Skorra. Hann hafi ekki talið rétt að Kinaldy Stalking tæki á sig þann kostnað þar sem Íslendingar hafi hingað til haft óflekkað mannorð gagnvart Skotlandi. Sé þetta réttlætismál og hafi með samvisku manna að gera.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 1. apríl 2009, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins. Jafnframt var Skotveiðifélaginu Landnemunum sent til upplýsinga afrit bréfs Skorra Andrew Aikman til Neytendastofu, dags. 26. febrúar 2009.

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Skotveiðifélagið Landnemar yfir því að við afpöntun alferðar á Skotlandi hafi Skorri Andrew Aikman skipuleggjandi ferðarinnar, neitað að endurgreiða það fé sem honum hafi verið greitt inn á ferðina, samtals kr. 600.000. Félagið hafi komist í kynni við Skorra í gegnum aðra veiðimenn sem Skorri hafði skipulagt ferðir fyrir og hafi hann skipulagt ferðir til Skotlands í nokkur ár. Skorri segist ekki reka ferðaskrifstofu og hann skipuleggi ekki ferðir til Skotlands. Hann miðli aftur á móti upplýsingum um ferðir á vegum fyrirtækisins Kinaldy Stalking, sem rekið er af Ian MacKinlay sem sé fjölskylduvinur hans. Hann hafi tekið við greiðslunni frá Skotveiðiklúbbnum Landnemunum þar sem hópurinn var óvenju stór og greiða þurfti staðfestingagjald af þeim sökum. Hafi hann gert það í þeim tilgangi að flýta fyrir því að greiðslan bærist til Kinaldy Stalking. Var fjárhæðinni skilað að fullu til fyrirtækisins og engin þóknun tekin fyrir.

2.

Óumdeilt er í máli þessu að fyrirhuguð ferð félaga í Skotveiðifélaginu Landnemunum var alferð. Að mati Neytendastofu snýst mál þetta fyrst og fremst um það hvort Skorri Andrew Aikman hafi haft milligöngu sem ferðasmásali í skilningi alferðalaga um sölu alferðar til Skotlands til félaga í Skotveiðifélaginu og við afpöntun ferðarinnar hafi félagsmönnum því verið rétt að beina afpöntuninni til hans og kröfu um endurgreiðslu.

Hugtakið ferðasmásali er skýrt í 4. mgr. c. 2. gr. alferðalaga nr. 121/1994:

„Ferðasmásali er sá sem býður til sölu alferð sem ferðaheildsali hefur sett saman.“

Í II. kafla alferðalaga er fjallað um gerð og efni alferðasamninga. Þar kemur m.a. fram í 4. gr. að samningar skuli vera skriflegir eða gerðir á annan ótvíræðan og aðgengilegan hátt fyrir farkaupa sem skuli fá afrit sammingsins. Jafnframt er ferðasmásala gert skylt að veita ýmsar aðrar upplýsingar um atriði sem nauðsynleg eru til þess að ferð sé farin. Þá skal farkaupa tilkynnt hvaða skilmálar gildi um afpantanir sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að Skorri Andrew Aikman hafi á sínum vegum auglýst eða á annan hátt boðið til sölu alferðir í Skotlandi. Ekki hefur verið sýnt fram á að samningur um alferð hafi verið gerður milli hans og félaga í Skotveiðifélaginu eða að samskipti þeirra við Skorra yfir höfuð verið með þeim hætti að þau gæfu tilefni til að ætla að um viðskiptasamband væri að ræða. Ljóst er af gögnum málsins að Skorri greiddi allt andvirði innborgunar félaga í Skotveiðifélaginu inn á reikning Kinaldy Stalking, þ.e. tók enga þóknun fyrir milligönguna. Ennfremur má sjá að Skorri gaf Pétri Blöndal Gíslasyni forsvarsmanni Skotveiðifélagsins, upp

reikningsnúmer Kinaldy Stalking hjá Royal Bank of Scotland í þeim tilgangi að væntanlegir ferðalangar greiddu þangað fullnaðargreiðslu án milligöngu Skorra. Fjölskyldutengsl Skorra við Ian MacKinlay og sú staðreynd að hann hyggist greiða úr eigin vasa þá fjárhæð sem Kinaldy Stalking krefst að Skotveiðifélagsmönnum og þeir hyggjast ekki greiða, bendir ennfreður til þess að aðkoma hans að málinu sé ekki viðskiptalegs eðlis. Þá hefur fullyrðingu Skorra um að hann hafi aldrei fyrr tekið við fé f.h. Kinaldy Stalking ekki verið hnekkt. Þá má einnig sjá í fylgiskjölum að beint samband hefur verið til staðar varðandi ferðina milli Ian MacKinlay og Péturs Blöndal Gíslasonar.

Samkvæmt framansögðu fær Neytendastofa ekki séð að Skorri Andrew Aikman annist sölu á alferðum sem ferðasmásali og geta því félagar í Skotveiðifélaginu Landnemun ekki á grundvelli alferðalaga nr. 80/12994, krafð hann um endurgreiðslu vegna afpöntunar á alferð í Skotlandi.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til frekari afskipta Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 12. júní 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir